

**Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)**  
**25. apríl 2017 Þingskjal 542 – 411. mál**  
**Breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða**

Samband sveitarfélaga á Austurlandi fagnar þeirri breytingu sem hér er lögð til á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 ályktaði um mikilvægi þess „...að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld sveitarfélaga hafa vaxið og verkefnum fjölgað, en tekjuliðir hafa ekki fylgt þeirri þróun. Mikilvægt er að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í heildarskatttekjum samfélagsins. Ýmsar atvinnugreinar, s.s. ferðaþjónusta, skapa tekjur í heimabyggð en kalla einnig á aukin útgjöld, bæði við ferðamannastaði og við ýmsa innviði samfélagsins.“ Sú breyting sem hér er boðuð mætir að einhverju leyti þessum auknu útgjöldum sveitarfélaganna í tengslum við uppbyggingu ferðamannastaða.

Sömuleiðis er það fagnaðarefni að sveitarfélögin eigi fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóða ferðamannastaða.

Fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi,  
Sigrún Blöndal, formaður stjórnar

